

Föstudaginn 6. febrúar 1998.

Nr. 523/1997. **X**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Y

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Lögræði. Fjárræði. Úrskurður héraðsdóms felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Ný gögn sóknaraðila bárust réttinum 28. janúar 1998. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1997 í lögræðismáli varnaraðila gegn sóknaraðila, þar sem felld var úr gildi fjárræðissvipting varnaraðila, sem ákveðin var með úrskurði héraðsdóms 3. desember 1992. Kæruheimild er í 1. mgr. 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. 87. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fjárræðissvipting varnaraðila látin standa. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt nokkur ný skjöl. Í bréfi sýslumannsins í Reykjavík 12. desember 1997 kemur fram, að yfirlögráðandinn í Reykjavík hafi skipað Ó lögráðamann varnaraðila 17. desember 1992. Yfirlögráðanda hafi 21. ágúst 1995 borist erindi varnaraðila, þar sem hann óskaði eftir því, að Z yrði skipuð lögráðamaður sinn í stað Ó. Erindinu hafi verið hafnað með bréfi yfirlögráðanda 4. október 1995. Í bréfinu segir, að vafi leiki á hæfi Z til starfans, ekki síst með vísan til sakavottorðs hennar. Synjun þessari hafi verið skotið til dómsmálaráðuneytisins til endurskoðunar, og með úrskurði þess, upp kveðnum 17. janúar 1996, hafi ákvörðun yfirlögráðanda verið staðfest.

Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík 21. janúar 1997 var móður málsaðila, G, veitt leyfi til setu í óskiptu búi eftir maka sinn, H, sem lést 29. desember 1996.

Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt endurrit af skýrslum, sem gefnar voru í Héraðsdómi Reykjavíkur 23. janúar 1998 í máli þessu, en þar komu fyrir dóminn sóknaraðili, móðir málsaðila og bróðir þeirra, GP.

Í skýrslu sóknaraðila kom meðal annars fram, að vegna sérstaks velvilja vinnuveitanda hafi varnaraðili haldið starfi sínu þrátt fyrir verulegar fjarvistir.

Í skýrslu móður málsaðila kom fram, að varnaraðili hefði farið gáleysislega með fé, hann hefði ekki vitað, hvað peningar væru og hvað þeir giltu. Hún kvaðst hafa reynt að hafa hömlur á eyðslu varnaraðila. Einnig tók hún fram, að vafalaust hefðu ýmsir notað sér geindarskort hans til þess að hafa af honum fé.

Bróðir málsaðila, GP, bar í skýrslu sinni um þroskaferil varnaraðila, sem hefði verið yngstur þeirra bræðra. Snemma hefði komið fram, að varnaraðili væri greindarskertur. Um tvítugt hefði hann farið að neyta áfengis, og eftir það hefði lögreglan haft afskipti af honum nokkuð oft. Hann hefði iðulega verið prettaður í viðskiptum, bæði í hestakaupum og öðru.

Í skjölum málsins kemur fram, að varnaraðili gekk í hjúskap með áðurnefndri Z 26. október 1995, en hjónabandinu hafi verið slitið í apríl 1996. Lagt hefur verið fram skilnaðarsamkomulag þeirra, dagsett 3. apríl 1996, og sérstakt samkomulag, dagsett sama dag. Í samkomulagi þessu kemur fram, að deilur hafi verið með fjárhaldsmanni varnaraðila, Ó, og Z, og tekið fram, að með samkomulagi þessu séu þær úr sögunni, „og á enginn aðila fjárkröfu á annan vegna þessa“.

Z bar fyrir héraðsdómi í nóvember 1997, að hún hefði þekkt varnaraðila um fimmtán ára skeið. Hann búi hjá henni í Hátúni 6 í Reykjavík og borgi til heimilisins af launum sínum samkvæmt samkomulagi þeirra.

II.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að ástæður þær, sem fjáræðisviptingin hafi á sínum tíma verið reist á, séu enn í gildi. Varnar-

aðili sé nú eins og þá ófær um að annast fjármál sín einn og óstuddur, og sé honum því fyrir bestu að hafa ábyrgan fjárhaldsmann. Hann sé eigandi fasteignar, hesthúss í Mosfellsbæ. Móðir hans sitji í óskiptu búi, komin á níræðisaldur. Eignir óskipta búsins séu meðal annars íbúð í Reykjavík og 50% eignarhluti í sumarhúsi í Kjósarhreppi. Gera megí ráð fyrir því, að varnaraðili fái við lát móður sinnar töluverðan arf sem einn fjögurra sona hennar. Sóknaraðili telur því mikla hættu á, að núverandi eignir varnaraðila og væntanlegt erfðafé hans fari forgörðum, ef ekki njóti við ábyrgs fjárhaldsmanns, sem sjái um fjármuni hans og komi í veg fyrir, að þeim verði sóað.

III.

Í hinum kærða úrskurði segir, að ekki verði annað ráðið en sam-búðarkona varnaraðila hafi haft reiður á fjármálum hans. Í ljósi þess, sem að framan greinir, þykir það ekki geta haft áhrif á niðurstöðu málsins. Gögn málsins bera með sér, að varnaraðili sé ekki fær um það nú frekar en áður að hafa einn stjórn á fjármálum sínum. Aðstæður hafa þannig ekki breyst að þessu leyti, frá því að úrskurður um að svipta hann fjárræði var kveðinn upp 3. desember 1992. Verður af þeim sökum að fallast á með sóknaraðila, að sú fjárræðissvipting skuli látin standa. Er hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi, en rétt er að staðfesta ákvæði hans um málskostnað.

Samkvæmt 11. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 greiðist kærúmálskostnaður úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Fjárræðissvipting varnaraðila, Y, sem gerð var með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1992, skal standa óhögguð.

Ákvæði hins kærðar úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Kærúmálskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns sóknaraðila, Gunnars Sæmundssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, og lögmanns varnaraðila, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 2. desember 1997.

Með beiðni, dagsettri 12. ágúst sl., hefur sóknaraðili, Y, f. 1957, til heimilis í . . . , Reykjavík, farið fram á það, að felldur verði úr gildi úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1992 um, að hann sé sviptur fjárræði. Úrskurður þessi gekk að kröfu varnaraðila, X, f. 1938, og hafði sóknaraðili þá samþykkt kröfuna. Um aðild sóknaraðila er vísað til 1. mgr. 9. gr. lög-ræðislaga nr. 68/1984. Var málið þingfest 5. september sl. og tekið til úr-skurðar 26. f. m.

Fyrirgreindur úrskurður var á því reistur, að sóknaraðili væri ekki fær um að hafa stjórn á fjármálum sínum, svo og því, að hann væri samþykkur kröfunni um fjárræðissviptingu, sbr. a-lið 3. gr. lög-ræðislaga. Í málinu var stuðst við upplýsingar bróður hans og varnaraðila í málinu um hagi hans. Að áliti X var sóknaraðili ófær um að hafa stjórn á fjármálum sínum sökum andlegs vanþroska, og einnig hefði hann átt við áfengisvandamál að stríða. Sóknaraðili hefði búið hjá foreldrum sínum og þeir aðstoðað hann í fjár-málum, en nú væru þeir orðnir rosknir og heilsuveilir og gætu því ekki að-stoðað hann í þessum efnum eins og áður. Hefðu margir notfært sér ein-feldni Y í fjármálum. Þá var enn fremur vísað til sálfræðilegrar athugunar Vilhelms Norðfjörð sálfræðings á honum. Í vottorði hans 2. nóvember 1992 segir m. a.: „Vitsmunaleg geta Y liggur því við vangefnismörk. Auk þess á hann við áfengisvanda að stríða. Tilfinningalegur þroski er á eftir, sennilega í samræmi við vitsmunþroska. Hann hefur alla tíð fengið mikla þjónustu heima. Hann stendur sig í vinnunni. . . . Stærðfræðifærni er svo lítil, að hann ræður ekki við að stjórna einfaldari fjármálum. . . . Það er ekki aðeins æskilegt, að Y fái fjárhaldsmann, heldur nauðsynlegt. Þá þarf líka að hafa í huga, að Y þarf stuðning á fleiri sviðum, þegar hann einn góðan veðurdag þarf að búa einn án foreldra sinna.“

Í málinu liggja nú fyrir vottorð tveggja geðlækna. Í vottorði Ernis Snorra-sonar, dagsettu 9. júní sl., segir, að sóknaraðili hafi komið til hans þrisvar í viðtal um áramótin 1995–6. Hafi verið gert „taugageðlæknisfræðilegt mat á almennu andlegu ástandi“ hans. Niðurstöður geðlæknisins eru þessar:

„1. Málhæfni: einföld málhæfni til staðar. Eins og endurtekningarhæfni, fónemgreining. Málskilningur hins vegar verulega skertur, sérstaklega í yfirfærðri merkingu hugtaka. Narratif hlið ræðu að hluta skert. Getur lesið og skrifað. Eins getur hann reiknað einfalda hluti. Þ. e. stöðumerking talna til staðar. Hins vegar ræður hann ekki við flóknari vandamál. Með nokkuð greinilega premotor-truflun í tali, skrift og reikningi. Þ. e. ræður illa við flóknar raðir. Verulega konkretiseraður í hugsun.

2. Minni: Skammtíaminni og eins langtíaminni sæmilegt. Sérstaklega gott selectivitet í langtíaminni (sbr. minnskúrfu: 7,8,9).

3. Sjónúrvinnsla: Sjónúrvinnsla er skert, en ratar sæmilega og er sæmilega áttaður á stað og stund, en ræður ekki við flóknari sjónúrvinnsluverkefni. Þetta er sennilega skýringin á því, hversu illa hann kemur út á greindarprófi.

4. Forheilaþróf: Finn timer skert. Samhæfing á milli líkamsparta skert. Ræður illa við raðir í hreyfingum og tali. Allgreinileg premotor-einkenni til staðar.

Niðurstaða: Tæplega fertugur maður með skerta úrvinnsluhæfni vegna heilaskaða í fæðingu/bernsku (?). Er misþroska. Mjög er erfitt að draga ályktanir um réttmæti þess að svipta þennan einstakling fjárræði út frá útkomu á almennu greindarprófi. (Sbr. sálfr-mat Vilhelms Norðfjörð frá 2. nóv. '92.) Þessi einstaklingur er misþroska (það er röng staðhæfing hjá sálfræðingi, að hann sé ekki misþroska vegna jafnar útkomu á sálfræðiþrófi. Misþroski er læknisfræðilegt hugtak, sem tjáir, að einstaklingar séu eðlilega þroskaðir á sumum sviðum, en vanþroska á öðrum) og er nánast eðlilegur um margt, en ræður illa við að tjá sig formlega um hluti, sem hann ræður við í daglegu lífi. Hann er nýkvæntur og virðist í sérstaklega góðu tilfinningalegu jafnvægi.

Ekki er unnt út frá fræðilegu sjónarmiði að rökstyðja fjárráðssviptingu. Í þessu tilviki virðist augljóslega þurfa að hafa í huga andlega og líkamlega velferð Y. Og þar sem hann er ekki sáttur við núverandi fjárhaldsmann, er nánast út í hött að fara ekki að hans eigin óskum og skipta um fjárhaldsmann. En slík ákvörðun er auðvitað ekki byggð á neinu fræðilegu mati. En varast ber að horfa fram hjá því, að þessi einstaklingur stundar sína vinnu og hefur lifað vandræðalaust meðal samborgara sinna hingað til. Því ber að virða persónu hans og óskir eins og annarra samfélagsþegna.“

Í vottorði Guðlaugar Þorsteinsdóttur segir, að hún hafi átt langt viðtal við sóknaraðila í október. Ekki hafi verið gert taugasálfræðilegt mat á honum, og upplýsingar um hagi hans séu eingöngu fengnar hjá honum sjálfum. Hún hefur staðfest vottorðið fyrir dómi og sagt, að ekki hafi fundist nein merki um geðsjúkdóm hjá sóknaraðila. Niðurlag vottorðsins er svohljóðandi:

„Í viðtali er Y snyrtilegur til fara, kurteis og með barnalegt viðmót. Geðslag er eðlilegt, ekki ber á neinu þunglyndi eða örlæti, en á köflum verður honum mikið niðri fyrir og verður spennur, þegar fjármál ber á góma. Hann er ekki ruglaður og vel rauntengdur. Fas og látbragð allt nokkuð óþroskað og einfeldningslegt, en hann tjáir sig skýrt og skilmerkilega, og rök hugsun er góð. Y er einlægur og blátt áfram, hann gefur trúverðuga sögu varðandi margslungna fjármálaóreiðu, sem virðist hafa verið í

gangi. Hann á greinilega nokkuð erfitt með töluminni, dagsetningar og þess háttar og getur einungis leyst allra einföldustu stærðfræðidæmi. Hann virðist þó að nokkru leyti gera sér grein fyrir þessu vandamáli og þörfinni á því, að hann hafi leiðsögn og ráðgjöf í fjármálum. Varðandi plön um íbúðar-kaup virðast þau skiljanleg og raunhæf.

Mat.

Fertugur maður með væga greindarskerðingu. Fyrri saga um áfengismisnotkun, en virðist nú hafa haldið sig frá áfengi a. m. k. síðustu sex ár. Aldrei átt við geðræn vandamál að stríða. Hefur verið sviptur fjárræði á þeim forsendum, að hann væri greindarskertur og misnotaði auk þess áfengi. Ekki hægt að draga neina ályktun út frá þessu viðtali, hvort einstaklingur hafi nægilega stærðfræðikunnáttu til að sjá um bókhald og fjárræiður sínar einn, en margt bendir til, að hann þyrfti stuðning til þess og leiðsögn, og virðist Y sjálfur með á nótunum og reiðubúinn að þiggja aðstoð, ef hann fær áreiðanlegan og traustan einstakling til þess. Sjálfur treystir hann vel sambýliskonu sinni, Z, og get ég ekki metið hæfni hennar til þess. Hins vegar virðist Y á margan hátt vera vel starfshæfur, stundar reglulega vinnu sína, samviskusamur, reglusamur og almennt ekki sýna óábyrga, hvatvísa hegðun. Með þessa þætti í huga get ég ekki út frá geðlæknisfræðilegu sjónarmiði annað en stutt það, að Y fái fjárræði sitt til baka og fái að ráðstafa launum sínum að eigin vild.“

Sóknaraðili sættir sig ekki lengur við það að vera sviptur fjárræði. Hann býr með konu, sem hann treystir, og greiðir með sér 40 þúsund krónur á mánuði. Hafa þau í sameiningu séð um að halda við og reka 14 bása hesthús, sem sóknaraðili á í Mosfellssveit og hefur leigt út. Kona þessi, Z, f. 1941, hefur komið fyrir dóm og gefið skýringu á nokkrum atriðum um fjárhag sóknaraðila. Sóknaraðili hefur unnið við sorphirðu hjá Reykjavíkurborg undanfarin ár, en nokkuð hefur verið um óleyfilegar fjarvistir hans frá vinnunni. Samkvæmt frásögn verkstjóra hans þar hefur nokkuð borið á drykkjuskap hjá honum, en annars mun hann vera góður starfsmaður. Meðal málsgagnanna er útprentun úr málaskrá lögreglunnar, og kemur þar fram, að sóknaraðili hefur einu sinni verið kærður fyrir ölvun á síðasta ári og tvisvar á þessu ári. Þá hefur hann þrisvar verið kærður á þessu tímabili, ýmist fyrir eignaspjöll, húsbrot eða ónæði. Ekki verður séð, að kærur þessar hafi leitt til málareksturs á hendur honum. Við athugun á málsgögnunum og framburði vitna fyrir dómi er ekki að finna dæmi þess, að hann hafi farið illa með það fé, sem hann hefur haft handa á milli, eftir að hann var sviptur fjárræði.

Niðurstaða.

Sóknaraðili er ekki lengur samþykkur því að vera sviptur fjárræði, og fyrir liggur, að veruleg breyting hefur orðið á persónulegum högum hans. Verður ekki annað ráðið af málinu en sambýliskona hans hafi, að svo miklu leyti sem reynt hefur á það, haft reiður á fjármálum sóknaraðila og annast þau ráðvandlega. Ljóst er, að sóknaraðili á það til að drekka áfengi sér til vansa, en ekki hefur þó verið sýnt fram á, að svo mikið kveði að því, að það geri hann ófæran um að ráða fé sínu. Þá verður ekki heldur séð af því, sem fram hefur komið, að hann hafi stofnað fjárhag sínum eða eignum í hættu með ráðleysu. Í málinu liggur fyrir álit veggja geðlækna um það, að ekki séu geðlæknisfræðileg rök, sem styðji það, að sóknaraðili skuli vera sviptur fjárræði.

Dómurinn telur, að andleg geta sóknaraðila sé nokkuð undir því, sem gengur og gerist, og að hann muni þurfa á einhverjum stuðningi annarra að halda. Aftur á móti telur dómurinn ekki vera lengur um að ræða þær forsendur, sem réðu því, að hann var sviptur fjárræði í desember 1992. Lögræðissvipting er þungbær skerðing mannréttinda, sem má ekki vara lengur en brýnar ástæður krefja. Telur dómurinn skylt, eins og högum sóknaraðila er nú komið, að láta reyna á það, hvort hann er ekki fær um að ráða fé sínu. Ber því með skírskotun til 9. gr. lögræðislaga að fella úr gildi fjárræðissviptingu, sem sóknaraðila, Y, f. 1957, ..., Reykjavík, var gerð með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1992.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. lögræðislaga ber að greiða úr ríkissjóði allan málskostnað, þar með talda þóknun lögmanns sóknaraðila, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, og þóknun lögmanns varnaraðila, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, einnig 50.000 krónur.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi fjárræðissvipting sóknaraðila, Y, f. 1957, ..., Reykjavík, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 3. desember 1992.

Málskostnaður allur, þar með talin þóknun lögmanns sóknaraðila, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, og þóknun lögmanns varnaraðila, Arnar Höskuldssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
